

Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Jarðhiti í Ólafsfirði I

Burstabrekka og Hólkot



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/022

Júlí 2011

Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir jarðhita í landi Burstabrekku og Hólkots í Ólafsfirði. Þetta eru jarðhitastaðir sem ekki hefir verið lýst fyrr og eru þeir í um 220 metra hæð í hlíðinni innan við Burstabrekkudal og undir Hólkotshyrnu. Staðirnir eru bæði í landi Burstabrekku og Hólkots. Staðsetningar ásamt öðrum upplýsingum eru í 1. töflu og aftast eru einföld kort yfir holurnar (myndir 10 og 11).

1. tafla. Staðsetningar og aðrar upplýsingar um jarðhitar á Burstabrekku og Hólkoti í Ólafsfirði.

Númer	Staðar-númer	Hiti °C	Rennsli l/s	Nafn	Lögbýli	N-hnit	V-hnit
B-01		7,4	l	Hólkotshyrna	Burstabrekka	66° 02.712	18° 39.508
H-01		11,4	0,1-0,2	Hólkotshyrna	Hólkot	66° 02.623	18° 39.818
H-02		12,3	1-2	Hólkotshyrna	Hólkot	66° 02.631	18° 39.812
H-03		12,0	0,5	Hólkotshyrna	Hólkot	66° 02.631	18° 39.811
H-04		12,4	0,5-1	Hólkotshyrna	Hólkot	66° 02.632	18° 39.809
H-05		12,0	1-2	Hólkotshyrna	Hólkot	66° 02.637	18° 39.799
H-06		11,4	seytl	Hólkotshyrna	Hólkot	66° 02.639	18° 39.788
H-07		9,0	0,1-0,2	Hólkotshyrna	Hólkot	66° 02.642	18° 39.784
H-08		8,6	0,2-0,3	Hólkotshyrna	Hólkot	66° 02.642	18° 39.784

Ólafsfjörður

Burstabrekka

B-01

Einn jarðhitastaður er í Burstabrekkulandi og er hann norðan undir Hólshyrnu í um 230 m hæð. Hann er skammt utan við landamerkin við Hólkot. Þarna er stór og mikill grasgeiri og einn lækurinn er 7,4°C heitur og er rennsli metið um 1 l/s. Örlar á hvítum útfellingum á steinum. Vatnið er leitt í kar og notað sem neysluvatn. Telja verður víst að fleiri jarðhitastaðir séu í þessum grasgeira. (1. mynd)



1. mynd. Jarðhitastaður B-01 á Burstabrekku.

Hólkot H-01

Jarðhitastaður H-01 er um 230 metrum innar í hlíðinni og eilítið neðar en B-01. Hiti mældist 8,6°C og rennsli metið 0,2-0,3 l/s. Hvítar útfellingar á steinum. (2. mynd)



2. mynd. Jarðhitastaður H-01 í Hólkoti.

Hólkot H-02

Jarðhitastaður H-02 er um tveimur metrum innar en H-01. Vatn kemur upp á um 3-4 metra kafla úr samlímdri urð. Hæsti hiti mældist 9,01°C og rennsli metið 0,1-0,2 l/s, vatns mest yst. Hvítar útfellingar á steinum. (3. mynd)



3. mynd. Jarðhitastaður H-02 í Hólkoti. Horft inn dalinn.

Hólkot**H-03**

Um sex metrum innar en staður H-02 er ómerkileg velgja. Kemur upp í urð og mældist hiti 11,4°C en rennsli er hverfandi. Hvítar útfellingar á steinum og gulleitt slý. (4. mynd)



4. mynd. Jarðhitastaður H-03 í Hólkoti. Horft inn dalinn.

Hólkot**H-04**

Jarðhitastaður H-04 er um 10 metrum innar í hlíðinni. Þar kemur upp volgt vatn á um fjögurra metra kafla og sprettur það út úr samlímðri urð. Hiti mældist 12,0°C og rennsli er metið 1-2 l/s. Hvítar útfellingar eru á steinum og brúnt slý. Vatnið er leitt í bláa tunnu neðar og notað í fiskeldi. (5. mynd)



5. mynd. Jarðhitastaður H-04 í Hólkoti. Horft inn dalinn.

Hólkot H-05

Jarðhitastaður H-05 er um 12 metrum innar en síðasti staður. Þar eru tvö augu og um metri á milli. Kemur upp í samlímdri urð. Hiti mældist 12,4°C og rennsli metið 0,5-1 l/s. Hvítar útfellingar eru á steinum og rauðbrúnt slý. (6. mynd)



6. mynd. Jarðhitastaður H-05 í Hólkoti. Horft inn dalinn.

Hólkot

H-06

Um þremur metrum innar eru velgja í urð og mældist hiti þar 12,0°C og rennsli metið 0,5 l/s. Hvítar útfellingar á steinum og brúnt slý. (7. mynd)



7. mynd. Jarðhitastaður H-06 í Hólkoti. Horft inn dalinn.

Hólkot

H-07

Um tveimur metrum sunnar kemur upp volgt vatn á um 4-5 metra kafla og kemur út úr samlímdri urð. Hiti mældist hæstur 12,3°C og rennsli er um 1-2 l/s. Hvítar útfellingar eru á steinum og brúnt slý. (8. mynd)




8. mynd. Jarðhitastaður H-07 í Hólkoti. Horft inn dalinn.

Hólkot H-08


Jarðhitastaður H-08 er um 10 metrum innar en H-07 og nokkru ofar. Þar koma upp tvö augu í urð og er um einn metri á milli þeirra. Hiti mældist 11,4°C og rennsli metið 0,1-0,2 l/s. Hvítar útfellingar eru á steinum. (9. mynd)



9. mynd. Jarðhitastaður H-08 í Hólkoti. Horft inn dalinn.



10. mynd. Staðsetning jarðhita á Burstabrekku og í Hólkoti í Ólafsfirði.



11. mynd. Staðsetning jarðhita í Hólkoti í Ólafsfirði.